



Verðbólga yfir 6% í fyrsta sinn síðan 2012

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 1,16% milli mánaða í febrúar og mælist verðbólgan nú 6,2% samanborið við 5,7% í janúar. Þetta var nokkuð meiri hækkun en við áttum von á, en við spáðum 0,8% hækkun milli mánaða. Meðal annars hækkuðu húsgögn, heimilisbúnaður o.fl., matarkarfan, reiknuð húsaleiga og kaup ökutækja meira en við áttum von á.

Þetta er mesta verðbólga sem hefur mælst síðan í apríl 2012 þegar 6,4% verðbólga mældist, en í þeim verðbólguvísi fór verðbólgan hæst í 6,5% í janúar 2012.



Árshækkun vísitölunnar án húsnæðis og kjarnavísitalna hækkaði

Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 1,26% milli mánaða og mælist 4,2% verðbólga á þann mælikvarða í samanburði við 3,7% í janúar.

Til þess að meta undirliggjandi verðbólgu reiknar Hagstofan svokallaðar kjarnavísitölur, þ.e. verðbólgu án ýmissa sveiflukenndra liða. Árshækkun allra fjögurra kjarnavísitalnanna sem Hagstofan reiknar hækkaði milli mánaða. Árshækkun vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis og kjarnavísitölur 1, 2 og 3 jukust allar um 0,5 prósentur milli mánaða. Árshækkun kjarnavísitölu 4 jókst aðeins minna, eða um 0,3% prósentur milli mánaða.

Framlag innfluttra vara jókst milli mánaða

Eins og kom fram að ofan hækkaði ársverðbólgan um 0,5 prósentustig milli mánaða. Munar þar mest um að framlag innfluttra vara án bensíns hækkaði um 0,4 prósentu stig, eða úr 0,3 prósentustigum í 0,7 prósentustig. Febrúar er fyrsti mánuðurinn síðan í janúar á síðasta ári þar sem framlag innfluttra vara án bensíns hækkar milli mánaða. Þetta gerist þrátt fyrir myndarlega styrkingu krónunnar og er vísbending um að alþjóðlegar verðhækkningar og hækkningar á flutningskostnað milli



landa séu að byrja að skila sér inn í verðbólguna hér á landi.

Nokkra athygli vekur að framlag þjónustu til ársverðbólgu lækkaði um 0,3 prósentustig, eða úr 1,5 prósentustigi í 1,2 prósentustig. Þetta er þrátt fyrir nokkuð [veglega hækkun launa um þessar mundir](#).

Auk þessa hækkaði framlag húsnæðis um 0,2 prósentustig milli mánaða, bensíns um 0,1 prósentustig, framlag innlendra vara hækkaði um 0,1 prósentustig.

Ekkert lát á hækkun húsnæðisverðs

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um 1,2% milli mánaða. Þar af hækkaði markaðsverð húsnæðis eins og Hagstofan reiknar það um rúmlega 1,5% milli mánaða. Þetta er í samræmi við mælingar Þjóðskár þar sem fram hefur komið að íbúðaverð sé að [hækka nokkuð hratt](#).

Framlag vaxtabreytinga var 0,3 prósentustig til lækkunar á reiknaða húsaleigu milli mánaða. Það kann að skjóta nokkuð skökku við að framlag vaxtabreytinga sé til lækkunar í ljósi þess að við erum í miðju vaxtahækkunarferli. Skýrist það af að Hagstofan notar einungis verðtryggða vexti á þinglýstum kaupsamningum í útreikningum sínum.


Meira en helmingur undirliða hefur hækkað meira en 2,5% síðustu tólf mánuði

Mesta niðurbrot sem Hagstofan birtir eru 173 undirliðir. Síðustu 12 mánuði hafa 80% þessara undirliða hækkað, þar af 60% meira en 2,5%. Hlutfall undirliða þar sem árshækkunin er meiri en 2,5% var 45% í desember síðasta ári og hefur því hækkað um 15 prósentustig á tveimur mánuðum. Með öðrum orðum hefur sú breyting orðið á síðustu tveimur mánuðum að í stað þess að innan við helmingur undirliða sé að hækka umfram verðbólguþröskulmið er núna meiri en helmingur sem hefur hækkað umfram verðbólguþröskulmið.

Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. kom okkur mest á óvart.


Mest áhrif til hækkunar milli mánaða í febrúar höfðu húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. (+7,5% milli mánaða, 0,47% áhrif), reiknuð húsaleiga (+1,2%

Framlag undirliða




Heimild: Macrobond

Reiknuð húsaleiga



Heimild: Macrobond

Dreifing verðhækkana



Heimild: Hagstofa Íslands




milli mánaða, +0,22% áhrif), matur og drykkjarvörur (+0,8% milli mánaða, +0,11% áhrif) og bensín og olíur (+3,6% milli mánaða, +0,11% áhrif). Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 9,7% milli mánaða (-0,14% áhrif)

Af þessum helstu hækkunarliðum voru það húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. sem komu okkur mest á óvart, en þessi liður hækkaði um rúmlega tvisvar sinnum meira milli mánaða en við áttum von á. Meðal annars hækkuðu sængurfatnaður, handklæði o.fl. um 16% milli mánaða og lítil heimilisraftæki um 6,2% milli mánaða.

Næsta vaxtaákvörðun í maí

Næsti fundur Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands er á dagskrá 2. og 3. maí og verður stýrivaxtaákvörðun nefndarinnar birt miðvikudaginn 4. maí. Það eru því tvær verðbólguáætlýningar eftir (mars og apríl) sem Hagstofan mun birta fram að því.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.